

Orrustufleyið Ísrael

Fyrstu árin, eftir stofnun Hamas, reyndu samtökin að friðmælast við Ísrael með palestínsk ríki og full lýðréttindi að leiðarljósi. Þegar það reyndist árangurslaust, stofnuðu samtökin her. Í stofnskrá samtakanna er kveðið á um útrýmingu Ísraels.

Útrýming sitt á hvað er á margra vörum. Þetta hefur hrotið af vörum ísraelskra fyrirmanna hinnar Guðs útvöldu þjóðar:

Yoav Galant, varnarmálaráðherra: „Hisbollah [herská samtök Múhameðstrúarmanna í Líbanon] eru í þann mund að gera alvarleg mistök. Svo kynni að fara, að íbúar Beirút hlytu sömu örlög og íbúar Gaza. Þar draga þeir nú þegar hvít flögg að húni og flýja heim eins og fætur toga.“

Jaques Neriha, herforingi á eftirlaunum: „Í stað þess að eiga í umsvifamiklum átökum við Hisbollah í Líbanon, ættu Ísraelsmenn heldur að einbeita sér að Sýrlandi.“

Gallit Distel Atbaryan, þingmaður Likud flokksins: “Þurrkum Gaza út af yfirborði jarðar.”

Dror Eydar, fyrrum sendiherra í Ítalíu: „Markmið okkar er aðeins eitt; að tortíma Gaza.“

Talsmaður hersins: „Við sprengjuárásir á Gaza leggjum við áherslu á eyðileggingu, en ekki nákvæmni.“

Amichai Eliyadu, menningarmálaráðherra: „Það kemur til greina að varpa kjarnorkusprengju á Gaza. Sprengja svæðið upp í loft og fletja það út.“

Tally Gotliv, þingmaður Likud: „Ég hvet ykkur til að tjalda öllu til og beita keikir dómsdagsvopnum gegn óvinum vorum.“

Ariel Kallner, þingmaður Líkud: „Á þessari stundu er markmið eitt og samt: Nakba (tortíming).

Giora Eiland, fyrrverandi leiðtogi Þjóðaröryggisráðsins: „Það ríður á, að skapa mannúðarkreppu á Gaza ... skapa aðstæður, sem gera búsetu á Gaza óþolandi ... þannig að allir íbúar muni annað hvort flýja til Egyptalands eða flytja til Persaflóa.“ Þegar allt kemur til alls, verður að tryggja að á Gaza „geti fólk ekki lifað.“

Avi Dichter, fyrrum landbúnaðarráðherra: „Um þessar mundir erum við í raun að framkvæma Nakba á Gaza.“ ... „Það er ógjörningur að heygja stríð, þegar fjöldi manns skilur að skriðdreka og hermenn.“

Benjamin Netanyahu: Stríðið í Gaza „er barátta siðmenningarinnar gegn villimennskunni. Við verðum að fara með sigur af hólmi vegna hins siðmenntaða heims.“ Það er líklega þess vegna, að hann lætur gera svartar Gyðingakonur ófrjóar með lyfjagjöfum (Depo-Provera).

(Þetta endurspeglar orð Winston Churchill í yfirlýsingu til Palestínuráðsins, árið 1937, þegar Ashkenazi Gyðingar (af asískum uppruna) streymdu til Palestínu: Ég þvertæk fyrir það, að Indíánar í Ameríku eða svartir í Ástralíu, hafi verið órétti beittir, þótt þeir hafi þurft að víkja fyrir öflugri kynþætti, sem gæddur er betri erfðum, og er bæði vitrari og fróðari.)

Utanríkis- eða heimsvaldastefna og hagsmunir Bandaríkjanna og Ísraels er samofnir.

Bandarísk yfirvöld hafa fjárfest ótæpilega í ísraelskum herbúnaði. Fyrir áratugum síðan sagði Joseph Biden það bestu fjárfestingu, sem bandarískir skattgreiðendur hefðu gert.

„Væri Ísrael ekki að finna, hefðu Bandaríkin þurft að skapa Ísrael til að tryggja hagsmuni á svæðinu. Bandaríkin hefðu þurft að taka sér tak og búa til Ísrael.“

Joe segir enn fremur, að áhyggjur félaganna í „Utanríkismálaráðinu“ (Foreign Relations Committee) af veikleikum Nató í Grikklandi og Tyrklandi, sé hégómi einn í samanburði við áhyggjurnar af Ísrael. (Utanríkismálaráðið á langa sögu. Þar hittast framámenn úr atvinnulífi og stjórnámálum – listum jafnvel – og ræða utanríkismálastefnu Bandaríkjanna. Álit ráðsins er alla jafnan mikilvægt fyrir stefnumótun stjórnvalda.)

„Þær [áhyggjurnar] blikna í samanburði við þann ávinning, sem um ræðir fyrir Bandaríki Norður-Ameríku.“ Þessar áherslur hefur Joe áréttað nýlega.

Annars fer það milli mála, hver sé „búktalari“ í gervi þessa aldna, gloppótta höfðingja. Líkur benda til þess, að búktalarinn sé enginn annar en Barack Obama, sem huliðsstjórn Bandaríkjanna gaf nýtt nafn og tamdi til hlutverksins, sbr. einnig yfirlýsingar hans sjálfs um stjórnun með hjálp staðgengils.

Eins og sumir vita er Barrack ljós- og guðfaðir – undir eftirliti Leyniþjónustu Bandaríkjanna – ýmissa hryðjuverkahópa eins og ISIS og Alkæda – í samvinnu við Breta og Ísraela, sem hjúkra þeim, þegar í harðbakkann slær.

Mótframbjóðandi Joe í forsetakosningunum á næsta ári er Robert Francis Kennedy, yngri. Sjáum, hvað hann hefur að segja um Bandaríkin og Ísrael.

Robert segir Ísrael höfuðvígi Bandaríkjamanna í Miðausturlöndum – eins konar flugmóðurskip. (Þar endurtekur hann raunar orð fyrrverandi herforingja.) Hyrfi Ísrael, myndu Rússar, Íranar og Kínverjar, ráða 90% af olíu heimsins. Það yrði uppspretta hörmunga. Íran ræður einnig yfir allri olíu Venesúela, staðhæfir Robert.

Ísrael er mikilvægt fyrir okkur, heldur hann áfram, framvarðarsveit í Miðausturlöndum, elsti bandamaður okkar síðustu 75 árin, sérstaklega með tilliti til samvinnu á tæknisviðinu og ekki síst í sambandi við Iron Drome (loftvarnakerfi Ísraels), sem kostaði okkur gífurlegar upphæðir. En það hefur kennt okkur gríðarmargt um eigin varnir. Fjárfestingarnar eru hyggilegar. Um þrjú fjórðu hlutar fjármagnsins renna aukin heldur til vopnaframleiðenda í Bandaríkjunum.

Ísrael er „sendiherra okkar“ í Miðausturlöndum, fótfasta okkar. Það yrði erfiðleikum bundið að fylla tómarúmið, ef það hyrfi. Ísrael er augu okkar og eyru á svæðinu, njósnar fyrir okkur og leggur grundvöllinn að áhrifum Bandaríkjanna í þessum heimshluta.

Í þessu samhengi hlutanna væri ekki úr vegi að minna á áætlun Bandaríkjamanna í kjölfar árásar á turnanna í Nýju Jórvík árið 2001 (9/11), þ.e. að ráðast inn í sjö ríki Múhameðstrúarmanna í Miðausturlöndum eða Vestur-Asíu, í þessari röð: Írak, Sýrland, Líbanon, Líbía, Sómalía og Súdan.

Þetta upplýsti bandaríski herforinginn, Wesley Clark/Wesley J. Kanne, sem hafði yfirumsjón með árásum Nató á Serbíu árið 1999, m.a. árásum á borgarleg skotmörk. Hann hlaut frelsisorðu forsetans að launum fyrir afrek sín.

Orð fyrrverandi forseta, Richard Nixon (1913-1994), eru líka fróðleg í þessu sambandi: Richard fullyrðir, að enginn forseti Bandaríkjanna muni svíkja Ísrael. Meðan á Yom Kippur stríðinu (þegar fleiri Arabalönd réðust að Ísrael) stóð, árið 1973 – þegar Bandaríkin björguðu Ísrael- sagði hann skýrt og skorinort við leiðtoga þingsins, að enda þótt hernaðargildi Ísraels væri takmarkað, myndu Bandaríkin vernda Ísrael, þar eð Bandaríkjamönnum væri umhugað um fleiri gildi.

Það kynni að vera veikleiki, en engu að síður væru þau inngróin í Bandaríkjamenn og hér væri nefnilega siðferðis að taka tillit til. Tæknilega væri Ísrael ekki bandamaður Bandaríkjamanna, en taugin til Ísraels væri römm.

Bandaríkjamenn þyrftu að axla siðferðislega skyldu vegna helfararinnar (holocaust) og vegna þess, að í Ísrael ríkti lýðræði. Því myndu Bandaríkin öllu kosta til, svo öryggi

Ísraelsmanna væri tryggt. “Það leikur enginn vafi á skuldbindingu Bandaríkjamanna gagnvart Ísrael,” klykkti Richard út með.

Á skrifandi stundu heldur harmleikurinn í Gaza og Ísrael áfram eins og ekkert hafi í skorist. Óbreyttir borgarar falla í hrönnum. Mannfall er skelfilegt. Það er erfiðleikum bundið að staðfesta upplýsingar, áróðurinn blómstrar. Þó hefur komið í ljós – samkvæmt ísraelskum fjölmiðlum – að fórnarlömb í Ísrael séu færri, en yfirvöld hafa gefið upp.

Sömuleiðis hafa ísraelsk fórnarlömb borið vitni um, að í tölum um látna, óbreytta borgara sé einnig að finna hermenn, sem drepnir hafa verið af ísraelska hernum, ásamt gíslum, samkvæmt „Hannibal tilskipuninni,” þ.e. að hvorki ísraelskum borgurum né hermönnum skuli hlíft, þegar handtaka þeirra vofir yfir.

Samtímis styrjöldinni á Gaza heldur hljóðlátari styrjöld áfram á Vesturbakkanum, þar sem fjöldi Palestínumanna hefur verið drepinn og pyndaður. Þúsundir Palestínumanna, þar á meðal unglingar, dúsa í ísraelskum fangelsum.

Enn hefur ekki fundist skýr og einhlít skýring á því, hver hleypti hermönnum Hamas inn í Ísrael. Bandaríski herfræðingurinn, Scott Ritter, segir hryðjuverk ekki hafa átt sér stað, heldur þaulskipulagða árás samkvæmt leiðarvísium Bandaríkjahers.

New York Times hefur uppgötvað, að sjálfur friðarspillirinn, George Soros, hafi stutt Hamas um árabil eins og Katar. George þessi leggur sig fram um að ybba kíf, efna til uppþota og leggja stríðsagn, hvar sem hann drepur niður fæti – eða dreifir dölum sínum. Það styrkir enn grunsemdir um, að maður sé í mysunni, að hér sé leikinn vinsæll leikur til að efna til stórstríðs. Bretar flytja hergögn í stórum stíl frá herstöð sinni á Kýpur.

Það hefur vakið athygli þeirra, sem grannt fylgjast með alþjóðamálum, eins og Gilbert Doctorow, hversu grannt sameinaðar vestrænar fréttastofur (Trusted News Initiativ) fylgjast með fréttum af Gaza – og halda hvergi hlífskildi yfir Ísrael. Svo virðist sem fréttamenn frá Reuters hafi fengið að hreiðra um sig á Gaza, samtímis því, að um fimmtíu fréttamenn úr röðum Palestínumanna, hafi verið drepnir. Það er margt skrítið í kýrhausnum.

Ætli sé verið að fela kjarna málsins, þ.e. ágirnd Ísraela og olíuauðvaldsins í olíulindir Palestínumanna, rétt út af ströndum Gaza. Ætli sé verið að skyggja á hið nýja stríð Bandaríkjamanna og Evrópusambandsins við BRICS+ um verslunarleiðir og innviðaupbyggingu eins og Ben Gurion skipaskurðinn, sem liggja mun frá Aquabaflóa

við norðurenda Rauðahafsins (Sádí Arabía, Ísrael, Egyptaland og Jórdan) um norðurhluta Gaza, og tryggja nýja skipaleið um Ísrael frá Indlandi og til Evrópu. Palistínsk Gaza er hér þrándur í Götu.

Fjallað var um þessa nýju verslunarleið á fundi G20. Hugmyndin er, að Bandaríkin, Evrópusambandið og Sameinuðu furstadæmin, taki einnig þátt. (BRICS+ er samband ellefu ríkja, sem andæfa alþjóðlegri fjármálastjórn Bandaríkjanna og alþjóðlegra auðvaldsstofnanna eins og Alþjóðabankanum og Alþjóða gjaldeyrisvarasjóðnum.)

Nýr skipaskurður mun verða keppinautur Súez skurðsins. Þjóðnýting hans af hálfu Egypta og lokun Tiransunds fyrir umferð flota Ísraels, leiddi til annars stríðs Araba og Ísraela 1956. Þá komu Frakkar og Bretar Ísraelum til hjálpar. (Bandaríkjamenn í Yom Kippur stríðinu 1973.)

Enn hafa hin fornu nýlenduveldi tögl og haldir í Levantíu og Vestur-Asíu. Þau hafa gamalkunnugt tangarhald á Sameinuðu furstadæmunum, Bahrain, Sádí Arabíu og Marókkó; ýmist vopnvæðingu eða skuldir, nema hvort tveggja sé. Þessi fjögur ríki, sem hafa vingast við Ísrael á síðustu árum, sáu til þess, að fátt nema blaður kom út úr nýlegum fundi 57 ríkja í Riyadh. Egyptar og Jórdaníumenn eru kunn undirlægjuríki. Tyrkir eru margfaldir í roðinu. Bandaríkjamenn hafa herstöðvar í Tyrklandi, Sýrlandi, Bahrain og Sádí Arabíu.

Hvernig svo sem handritið að Ísrael/Gaza hildarleiknum er skrifað, skulum við vera minnug þess, að ísraelsku og palestínsku þjóðunum blæðir. Minnumst einnig orða Julian Assange um stríðið í Írak:

Það er engin þörf á því að fræða ykkur um fólksuverk í stríði. Þið þekkið þau alltof vel eins og líf flóttamannanna. Við höfum upplýst um um þá fordjörfun og villimennsku, sem stríði fylgir. T.d. drápi á 130.000 Írökum, sem bandarísk stjórnvöld segjast ekki hafa skráð, en halda leyndum.

Lýðræðisríki samtímans – þau eru reyndar að þróast í gervilyðræðisríki – heyja stríð á grundvelli lyga. Þeim mætti komast hjá við að segja sannleikann. Blaðamenn, sem skirrast við því, eru stríðsglæpamenn, segir Julian.

Julian rotnar um þessar mundir í fangelsi Breta fyrir að upplýsa veröldina um leyndarmál Bandaríkjamanna, stríðsglæpi þeirra og Nató.

Í bók sinni, „Sjónlaus á Gaza“ (Eyeless in Gaza 1936), skrifar Aldous Huxley (1894-1963): „Þeir, sem verja stríð, hafa komið sér upp sértækum (abstract) orðaforða, sem lætur þægilega í eyrum, þegar fjöldamorði er lýst.“

Vonandi tekst friðarsinum beggja þjóða að koma vitinu fyrir stjórnvöld leiðtogana, stöðva stríð og misþyrmingu trúarbragða Gyðinga og Múhameðstrúarmanna.

Þó eru eftirlifendur helfararinnar eins og þýsk/hollenski eðlisfræðingurinn, Gyðingurinn Hajo Meyer (1924-2014), sem hvetja Palestínnumenn að gefast aldrei upp. Hann segir Ísraelsmenn hegða sér gagnvart Palestínnumönnum eins og Nasistar gegn Gyðingum.

<https://nypost.com/2023/10/28/news/soros-funneled-15-m-plus-to-groups-rallying-for-hamas/>

<https://www.theguardian.com/world/2013/feb/28/ethiopian-women-given-contraceptives-israel>

<https://truthout.org/video/interview-with-holocaust-survivor-and-antizionist-activist-dr-hajo-meyer-video/>

<https://electronicintifada.net/blogs/adri-nieuwhof/last-interview-auschwitz-survivor-urged-palestinians-not-give-their-fight>

https://steigan.no/2023/11/oyelos-i-gaza/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://mail.google.com/mail/u/0/#inbox/FMfcgzGwHftwcBqjctMVngQbXzxMxdWL>

<https://rumble.com/v3vx4dg-leaked-docs-reveal-hamas-israel-false-flag-was-planned-in-detail-by-global-.html>

<https://www.globalresearch.ca/israel-final-solution-palestinians-chris-hedges/5839428>
<https://www.globalresearch.ca/israel-final-solution-palestinians-chris-hedges/5839428>

<https://www.youtube.com/watch?v=CsjAMnXu0xs&list=WL&index=6&t=2636s>

<https://rumble.com/v3v40jm-hamas-vs-israel.-how-will-it-end.html?mref=wyxk2&mrefc=6>

<https://www.globalresearch.ca/alternative-suez-canal-central-israel-genocide-palestinians/5839476>

<https://www.globalresearch.ca/video-israel-destroys-gaza-control-world-most-important-shipping-lane/5839470>

<https://rumble.com/v3va0up-obama-outed-as-shadow-president-secretly-orchestrating-hamas-israel-false-f.html>

<https://www.timesofisrael.com/new-idf-directives-allow-massive-force-to-prevent-soldiers-kidnapping/>

<https://www.youtube.com/watch?v=rz5fZziMWEE>

<https://www.aljazeera.com/news/2003/9/22/us-plans-to-attack-seven-muslim-states>

<https://www.youtube.com/watch?v=S5evz3VAZaQ>

https://steigan.no/2023/11/nesten-50-journalister-i-gaza-drept-av-israelske-bomber/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://scheerpost.com/2023/11/05/israels-final-solution-for-the-palestinians/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/11/07/why-israel-slept/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/11/07/scott-ritter-israel-palestine-ukraine-china-war/>

<https://www.haaretz.com/israel-news/2023-11-12/ty-article/israeli-security-cabinet-member-calls-north-gaza-evacuation-nakba-2023/0000018b-c2be-dea2-a9bf-d2be7b670000>

<https://thepeoplesvoice.tv/soros-caught-funnelling-over-15m-to-hamas-to-destabilize-the-west/>

<https://www.nrk.no/urix/amnesty-rapport-om-vold-og-drap-pa-vestbredden-1.16621206>

<https://www.amnesty.org/en/latest/news/2023/11/israel-opt-horrifying-cases-of-torture-and-degrading-treatment-of-palestinian-detainees-amid-spike-in-arbitrary-arrests/>

[https://twitter.com/JoeTruzman/status/1723367460374552984?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1723367460374552984%7Ctwgr%5E4261414d608dc90e8975d1f68b02487e873b0164%7Ctwcon%5Es1 &ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2023%2F11%2Fbeirut-eller-damaskus-neste%2F](https://twitter.com/JoeTruzman/status/1723367460374552984?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1723367460374552984%7Ctwgr%5E4261414d608dc90e8975d1f68b02487e873b0164%7Ctwcon%5Es1&ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2023%2F11%2Fbeirut-eller-damaskus-neste%2F)

<https://www.globalresearch.ca/silence-complicity-methodical-shooting-boys-work-gaza-snipers-israeli-occupation-force/22879>

https://geopoliticeconomy.substack.com/p/why-us-support-israel-geopolitics?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=138828487&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/11/israelsk-parlamentsmedlem-utrydd-hele-gaza-fra-jordas-overflate/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.visionnews.online/post/ap-reuters-journalists-were-embedded-in-amas-during-oct-7th-attacks-says-watchdog?postId=1bae44df-12ee-402f-9207-19ff7f7c22da&utm_campaign=f09c4d1e-b7f4-415d-b37b-ff52e36b9437&utm_source=so&utm_medium=mail&utm_content=65bc3bc3-6b68-4b13-ab0e-8d547717d15a&cid=13822ff6-9cac-4fec-a138-6b457b06a2f5

https://chrishedges.substack.com/p/the-chris-hedges-report-with-code?utm_source=substack&utm_medium=email&utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq#details

https://www.youtube.com/watch?v=YV_HsiJg8lo

<https://www.youtube.com/watch?v=CsjAMnXu0xs&list=WL&index=6&t=2636s>

<https://www.dw.com/en/foreign-press-ban-in-gaza-stifles-israel-amas-war-coverage/video-67289558>

<https://www.youtube.com/watch?v=PxB6TW0oD8>

<https://www.youtube.com/watch?v=6TAMhvQt-Ls>

<https://cpj.org/2023/11/journalist-casualties-in-the-israel-gaza-conflict/>

https://www.democracynow.org/2007/3/2/gen_wesley_clark_weighs_presidential_bid

<https://www.globalresearch.ca/october-7-amas-assault-israel/5840022>

<https://www.aljazeera.com/program/newsfeed/2023/11/9/israeli-soldiers-raise-flag-and-sing-anthem-on-gaza-beach>